

Hönnun og smíði 4.-6. bekkur

Kennari: Katrín Waagfjörð

Almennt um kennsluna

Kennslustundafjöldi er 2 kennslustundir í samkenndu aðra hverja viku.

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir hönnun og smíði eru sett fram í eftirfarandi flokkum.

Menningarlæsi

- útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar,
- hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni,
- tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði
- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði,
- lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

Handverk

- valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki,

Hönnun og tækni

- valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum,
- greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.

Umhverfi

- útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.

Skipulag kennslunnar

Kennsluskipulag:

Farið yfir reglur smíðastofunnar og helstu hugtök er tengjast smíðavinnu. Nemendur fá ákveðin verkefni sem þau útfæra síðan að eigin óskum og eftir getu hvers og eins. Nemendur gera skissur af hugmyndum og fjallað er um ferlið frá hugmynd til afurðar. Farið er yfir verklag sem vinna þarf eftir og þau verkfæri sem notuð eru.

Einstaklingskenndsla, sýnikennsla, hópkenndsla og samvinnunám (nem. hjálpa hver öðrum). Umræður um vernd umhverfisins og að allur efniviður er verðmætur.

Nemendum kennt að nýta efniviðinn sem best. Mikið er unnið með afganga og það sem til fellur í smíðastofunni. Leitast er við að örva frumkvæði, sköpunargleði, ímyndunarafl, sjálfstæði og sjálfstraust nemenda við vinnu sína. Farið yfir líkamsbeitingu og hvernig best er að bera sig að við vinnu sína.

Tímabil	Viðfangsefni
Ágúst – nóvember	Kubbadagatal- Nemendur hann sitt eigið dagtal
Desember	Jólaskraut úr greinum og garni – jólatré og stjórnur
Janúar - Maí	Nemendur vinna að verkefnum sem þeir hafa valið

Kennsluáætlun er með fyrirvar um breytingar

Námsmat

Hæfniviðmið samkvæmt aðalnámskrá eru metin jafnt og þétt yfir önnina. Gefin er umsögn að vori.

